



Aðalfundur Spretts haldinn í Samskipahöllinni

15. nóvember 2019 kl 20

Dagskrá:

1. Formaður Sveinbjörn Sveinbjörnsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna, en um 150 félagsmenn sátu fundinn.
2. Formaður bar fram tillögu að fundarstjóra Matthías Guðmundur Pétursson og fundarrita Margræti Tómasdóttur. Tillaga formanns samþykkt
3. Formaður lagði fram og kynnti skýrslu stjórnar um störf félagsins á síðasta starfsári. Mikið og gróskumikið starf hefur verið í félaginu. Sjá fylgiskjal 1.
4. Lárus Finnbogason gjaldkeri kynnti reikninga félagsins. Sjá fylgiskjal 2. Umræður og spurningar sem gjaldkeri svaraði skilmerkilega. Fundastjóri bar upp reikninga til samþykktar og voru þeir samþykktir mótatkvæðalaust.
5. Lagabreytingar.

Ólafur Karl Eyjólfsson kynnti, lagði fram til umræðu og samþykktar tillögur að lagabreytingum sem samþykktar hafa verið í stjórn.

- a. 4.gr. eins og stendur fyrir aðalfund.
Aðalfundur ákveður árlegt félagsgjald sem skal greiða fyrir 1. janúar ár hvert. Félagsmenn bera enga persónulega ábyrgð á skuldbindingum félagsins og ber félagið eitt ábyrgð á skuldbindingum sem stofnað er til í nafni þess. Félagar 67 ára og eldri og þeir sem eru yngri en 18 ára greiða ekki félagsgjald.
Breyting á 4.gr
Aðalfundur ákveður árlegt félagsgjald sem skal greiða fyrir 1. janúar ár hvert. Félagsmenn bera enga persónulega ábyrgð á skuldbindingum félagsins og ber félagið eitt ábyrgð á skuldbindingum sem stofnað er til í nafni þess. Félagar sem eru yngri en 18 ára greiða ekki félagsgjald. *Félagar sem eru 67 ára og eldri geta sótt um niðurfellingu félagsgjalds.*
- b. 6.gr. eins og stendur fyrir aðalfund
Stjórn félagsins skipa sjö menn: formaður, varaformaður, gjaldkeri, ritari og meðstjórnendur, sem kosnir eru skriflegri og óbundinni kosningu á aðalfundi félagsins. Formann ber að kjósa einan sér til tveggja ára. Árlega skal kjósa þrjá stjórnarmenn til tveggja ára. Verði stjórnarmaður kosinn formaður skal kjósa annan í hans stað til eins árs. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi eftir aðalfund. Á aðalfundi skal kjósa til eins árs í senn tvo skoðunarmenn og tvo til vara til að endurskoða reikninga félagsins. Skoðunarmenn þurfa ekki að vera félagar í Hestamannafélaginu Spretti.
Breyting á 6. gr
Stjórn félagsins skal skipa sjö menn: formaður, varaformaður, gjaldkeri, ritari og meðstjórnendur, sem kosnir eru skriflega og óbundinni kosningu á aðalfundi félagsins. Framboð til stjórnarsetu skal skilað til stjórnar félagsins eigi síðar en

viku fyrir aðalfund. Kjörgengir eru allir félagsmenn, 18 ára og eldri, sem eru í skilum með félagsgjöld. Formann ber að kjósa einan sér til tveggja ára. Árlega skal kjósa þrjá stjórnarmenn til tveggja ára. Verði stjórnarmaður kosinn formaður skal kjósa annan í hans stað til eins árs. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund. Á aðalfundi skal kjósa til eins árs í senn tvo skoðunarmenn og tvo til vara til að endurskoða teikninga félagsins. Skoðunarmenn þurfa. Skoðunarmenn þurfa ekki að vera félagar í Hestamannafélaginu Spretti.

c. 20.gr. fyrir aðalfund.

Lögum félagsins verður ekki breytt, nema á aðalfundi, þar sem mættur er minnst 10% hluti lögmætra félagsmanna, og 2/3 hlutar greiddra atkvæða samþykkja breytinguna. Mæti of fáir, skal boða til framhaldsfundar og öðlast þá tillögur til lagabreytinga gildi ef 2/3 hlutar fundarmanna samþykkja þær, án tillits til fundarsóknar. Lagabreytingar, sem félagar kunna að vilja bera fram, skulu berast stjórninni fyrir lok september ár hvert og skulu þær liggja frammi á skrifstofu félagsins og skal geta þeirra í fundarboði.

Breytinga á 20 gr,

Lögum félagsins verður breytt á löglega boðuðum aðalfundi, þar sem mættur er minnst 5% kjörgengra félagsmann, þar sem 2/3 hlutar greiddra atkvæða samþykkja breytinguna. Mæti of fáir, skal fresta fundi og boða til framhaldsfundar og öðlast þá tillögur til lagabreytinga gildi ef 2/3 hluti fundarmanna samþykkja þær, án tillits til fundarsóknar. Lagabreytingar sem félagsmenn vilja leggja fram, skulu berast stjórn félagsins eigi síðar en fjórum vikum fyrir boðaðan aðalfund. Skulu þær bornar undir laganefnd til skoðunar. Geta skal lagabreytinga í fundarboði fyrir aðalfund.

Lagabreytingar bornar upp af fundarstjóra eftir nokkrar spurningar og umræður og voru þær samþykktar mótatkvæðalaust

6. Kosning aðalstjórnar.

Formaður gerði grein fyrir hverjir hafa boðið sig fram til stjórnar.

Til formanns hefur boðið sig fram Sverrir Einarsson og var hann samþykktur með lófaklappi.

Aðrir sem hafa boðið sig fram eru Pétur Örn Sverrisson, Margrét Tómasdóttir, Ólafur Karl Eyjólfsson, Snorri Freyr Garðarsson, Gréta V. Guðmundsdóttir og Kristján Ríkharðsson. Fleiri framboð bárust ekki og því fólkið sjálfkjörið.

7. Kosninga tveggja skoðunarmann og tveggja til vara.

Aðalmenn

Sveinbjörn Sveinbjörnsson

8. Kosning í nefndir. Félagmenn hvattir til að gefa kost á sér í nefndarstarf. Margir skráðu sig í starf nefnda á fundinum. Sérstak nefndarkvöld verður haldið í byrjun árs.

9. Ákvörðun félagsgjalds

Lárus bar fram tillögu að félagsgjaldi, óbreytt frá fyrra ári. Fylgiskjal 3. Samþykkt.

Aðalheiður kom með athugasemd að eldri borgarar ættu erfitt með að fá að borga félagsgjald, hún vill borga en það gengur erfiðlega. Nú eftir breytingu á lögum félagsins

þá ætti þetta ekki að vera vandamál, þar sem eldri borgarar þurfa að biðja um niðurfellingu gjaldsins.

10. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram

Lárus gjaldkeri lagði fram fjárhagsáætlun og kynnti. Fylgiskjal 4

Verkefni næstu missera að borga niður yfirdráttarheimild, það væri þungt að hafa slíkan bagga. Beindi því til nýrrar stjórnar að skoða það mál sérstaklega.

11. Önnur mál

- a. Sveinbjörn fyrrverandi formaður þakkað fyrir skemmtilegan tíma í starfi fyrir félagið. Það hafi oft verið annasamt en alltaf skemmtilegt. Vonandi hafi hann haft eitthvað gott til málanna að leggja og lagt félaginu þannig lið. Óskaði nýkjörinni stjórn velfarnaðar og lýsti sig tilbúinn að vinna fyrir félagið að stærsta verkefninu sem er framundan- Landsmóti 2022.
- b. Hulda Geirsdóttir kom upp og talaði fyrir hönd öryggisnefndar. Sagði frá starfi nefndarinnar og framtíðardraumum. Lagði fram skýrslu um starfið og sagðist sakna þess að nefndir gerðu ekki grein fyrir starfi sínu á aðalfundi.
- c. Nýkjörinn formaður Sverrir Einarsson steig í pontu og þakkaði fyrir stuðning félagsmanna. Hann sagði alla verða að vinna saman, allir hópar sem hafa mismunandi aðkomu að hestamenskunni verða að starfa saman í sátt. Félagið okkar sé sterkt og mikil og krefjandi verkefni framundan sem hann hlakkaði til að takast á við.
- d. Ragna Emilsdóttir ræddi upplýsingamál, heimasíðu félagsins. Þar væru mikil sóknarfæri.
- e. Hermann Vilmundarson þakkaði fráfarandi stjórn og framkvæmdastjóra fyrir vel unnin störf. Starf félagsins væri í blóma. Óskaði nýrri stjórn velfarnaðar í starfi og hvatti til góðra verka.
- f. Sigríður Þakkaði fráfarandi stjórn og benti á vannýtta möguleika á heimasíðu félagsins (foot notes).
- g. Aðalheiður ræddi störf nefnda hversu mikilvæg þau væru. Saknar þess að nefndir skili ekki skýrslu á aðalfundi því þar fer hið raunverulega félagsstarf fram

Fleira ekki gert,

Fundi slitið kl 22:00

Margrét Tómasdóttir ritaði fundargerð.